



### 343. Stjórnarfundur haldinn 2. des. 2009 kl:17:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

#### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

#### 2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá Grænni framtíð v/ samstarf um að safna gömlum rafeindatækjum. **Ákveðið að senda á deildir.** Svarbréf frá Valgerði Guðmundsdóttur framkvæmdastjóra menningarsviðs RNB v/ umsóknar um styrk v/ uppsetningu sögusýningar félagsins. Eftir farandi bókað í menningaráði RNB „ Í tilefni 80 ára afmælis Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags Keflavíkur sækir stjórn félagsins um styrk til menningarráðs vegna sögusýningar sem sett var upp í K-húsinu við Hringbraut. Ráðið óskar félaginu til hamingju með skemmtilega sýningu og bendir á að vinna starfsfólks Bygðasafnsins ásamt ókeypiss notkun á myndum myndasafnsins sé umtalsverður styrkur frá menningarsviði. Frekari styrkveitingar verða að bíða þar til úthlutun úr Menningarsjóði fer fram næsta vor.“

#### 3. Send bréf.

Tölvupóstur til deilda v/ tilnefningar á íþróttamanni Keflavíkur 2009.

#### 4. Félagsheimili Kef og æfingasvæði aftan Reykjaneshallar.

EH bauð þá Stefán Bjarkason, Ragnar Örn Pétursson frá íþróttaráði og Hafstein Ingibergsson forstöðumann velkomna á fundinn. EH rakti þær spurningar sem sendar voru til Stefáns og Ragnars og gaf síðan Stefáni orðið. Hann gerði grein fyrir stöðu mála. Varðandi félagsheimilið er áætluð verklok í enda mars eða apríl. Hvað varðar búnað þá er líklegt að félagið verði að standsetja skrifstofur og leggja til húsbúnað. Ákveðið var að EH yrði boðaður á næsta framkvæmdafund. Ragnar ræddi um æfingasvæðið og ákveðið er að leggja gras á 100x200 fermetra. Hvað varðar aðstöðu þá er ekki farið að huga að henni en sett verður upp það nauðsynlegasta ef svæðið verður tekið í notkun næsta sumar. EH þakkaði þeim félögum fyrir að koma á fundinn og greinagóð svör.

#### 5. Íþróttamaður Keflavíkur 2009

Ákveðið að halda hóf þann 29. desember þar sem íþróttamenn og íþróttamaður Keflavíkur verða útnefndir. Ákveðið að boða Jón Jóhannsson forstöðumann sundmiðstöðvar á hófið og þakka honum fyrir samfylgdina í gengum árin.

#### 6. Málefni sunddeildar.

Farið yfir drög af samstarfssamningi sunddeildar Kef og UMFN. Miklar umræður um starfssemi sunddeildarinnar. Ákveðið að boða sunddeildina á fund og ræða starfsemi deildarinnar. Framkvæmdastjóra falið að koma á fundi.

#### 7. Önnur mál.

Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

Næsti fundur 16.12. '09

Fundinn ritaði SG

